



Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Slökkviliðsstjóri slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar
Dags: 04. júlí 2022
Varðar: Úttekt HMS á Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Inngangur

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gerði úttekt á slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar 1. nóvember 2021. Úttektin er hluta af árlegri skoðun HMS á slökkviliðum í landinu, skoðuð er starfsemi slökkviliðsins, virkni og eftirlit á búnaði auk húsnæðis með tilliti til aðbúnaðar og hollustuháttum á slökkvistöð.

Úttekt

Athugasemdum í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er skipt í 3 eftirfarandi áherslu flokka.

Lítið Frávik

5 atriði sem snúa að;

1. Hefur vinnueftirlit framkvæmt skoðun á húsnæði. – *Fyrirhuguð er skoðun Vinnueftirlits í Ágúst 2022.*
2. Eru slökkviliðsmenn á vakt/bakvakt eftir föstu skipulagi. - *Slökkviliðsmenn ganga bakvaktir á sumrin, áramótum og páskum en vegna stærðar sveitarfélagsins þá er hægt að gera kröfu á skilgreinar bakvaktir samkv, reglugerð 747/2018 gr. 15.*
3. Eru upplýsingar um rekstur slökkviliðs skilað til HMS fyrir 1. maí ár hvert. – *Gerð er árskýrsla um rekstur slökkviliðs og henni skilað til HMS.*
4. Ástand hlífðarfatnaðar – *Lokið er við að panta 6 hlífðarhjálma.*
5. Er búið að gefa út eftirlitsáætlun. - *Eldvarnareftirlit skal árlega gefa út skoðunaráætlun og er æskilegt að hún birtist á heimasíðu slökkviliðs. – áætlun birt á heimasíðu sveitarfélaga en æskilegt væri að slökkvilið hefði sína eigin heimasíðu til að birta ýmsar upplýsingar – Búið að leita tilboða (2020) kostnaður við gerð heimasíðu 500.000 kr.*



Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Þarfnast úrbóta

12 atriði sem snúa að:

1. Er aðstaða til að þrifa mannskáp. – *starfsmannaáðstaða ófullnægjandi, hreint og óhreint svæði til fataskipta, og aðskilin aðstaða kynja ekki til staðar.*
2. Plássþörf slökkvistöðvar skv. Leiðbeiningum 6.086. – *Starfsmannaáðstaða ófullnægjandi, uppfyllir ekki kröfur um vinnustaði varðandi kaffistofu, snyrtingar, böð og í bilasal er ekki nægt rými fyrir tæki og búnað.*
3. Uppfyllir sveitarstjórn kröfur varðandi starfsemi slökkviliðsins. – *Miðað við fjölda íbúa í sveitarfélagi er hægt að gera kröfu á að slökkvilið hafi mannaða útkallseiningu á dagvinnutíma og bakvaktir eftir föstu skipulagi utan dagvinnutíma samkv, reglugerð 747/2018 gr. 15. – Lokið er við að uppfylla kröfu um stigabil.*
4. Er slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans ávalt á vakt/bakvakt. - *Samkvæmt reglugerð skal ávalt vera bakvakt stjórnanda slökkviliðs samkv, reglugerð 747/2018 gr. 7. – krafa uppfyllt.*
5. Er til staðar gild Brunavarnaáætlun. – *Ný Brunavarnaáætlun 2022 til 2026 hefur verið samþykkt.*
6. Framkvæmdaráætlun Brunavarnaáætlunar. – *Samþykkt var ný framkvæmdaráætlun með nýrri Brunavarnaáætlun.*
7. Er nægjanlegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi til slökkvistarfs. - *Nægjanlegt vatn er til staðar á starfsvæði slökkviliðs þó alltaf megi gera betur. – krafa uppfyllt*
8. Hefur slökkvilið viðeigandi búnað og þjálfun í skyndihjálpi. - *Krafa um hjartastuðtæki hefur verið uppfyllt.*
9. Er til neyðaráætlun vegna reykköfunar. - *Krafa um neyðaráætlun í reykköfun hefur verið uppfyllt.*
10. Er haldin skrá yfir rekstur loftpressu. - *Krafa um skráningu á rekstri loftpressu hefur verið uppfyllt.*
11. Fer nægjanlegur hluti af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit. - *Eldvarnareftirlit nær ekki að uppfylla skoðunaráætlun – er í vinnslu en á við um öll slökkvilið í landinu. (samkvæmt áætlun fyrir árið 2021 voru 154 skoðanir á húsnæði í rekstri. Það er fyrir utan yfirferð á teikningum og skoðanir á nýju húsnæði í byggingu.*
12. Fær slökkvilið tilkynningar um umfangsmikla geymslu á eiturefnum. - *Tilkynningar um umfangsmikla geymslu á eiturefnum – er í vinnslu með hlutadeigendum.*
13. Aldur bifreiða slökkviliðs. - *Gerð er athugasemd við aldur tveggja bifreiða þ.e.a.s dælubíll af árgerð 1982 en búið er að staðfesta kaup á dælubíl í byrjun árs 2024 sem leysir hann af holmi. Einngi er athugasemd á aldur tanksbíls af árgerð 1991 og þarf að gera áætlun um endurnýjun hans.*



Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Ekki í lagi

4 atriði sem snúa að:

1. Er slökkvilið í sérstöku brunahólfi. - *Endurbótum lokið.*
2. Er til staðar gild Brunavarnaáætlun. – *Lokið er við gerð og samþykktar nýrrar Brunavarnaáætlunar fyrir árin 2022 til 2026.*
3. Vökvaknúinn björgunarverkfæri. – *Endurbótum lokið.*
4. Hafa reykköfunartæki farið í skoðun hjá viðurkenndum aðila .- *Krafa um skoðun á reykköfunarbúnaði – lokið.*

Niðurlag

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar en nokkuð vel búið tækjum og búnaði, menntunarstig er mjög gott, æfingar og þjálfun er í mjög góðum málum. Mikið er búið að gera í endurnýjun á tækjakosti en samkvæmt úttekt HMS þá eru athugasemir á húsnæði sem snýr að starfsaðstöðu, vinnuvernd og hollustuháttum sem þarf að bregðast við. Það er nauðsynlegt að horft verði til framtíðar varðandi húsnæðismál slökkviliðsins og gerð verði áætlun um endurnýjun húsnæðis.

Virðingarfyllt

Jens H. Ragnarsson

Slökkviliðsstjóri

Akraness og Hvalfjarðarsveitar